

Framhaldsskólinn á Húsavík vinnur um þessar mundir að uppsetningu heilsunuddbrautar í samstarfi við Fjölbrautaskólann við Ármúla. Ráðgert er að hefja kennslu á brautinni á haustönn 2018.

Markmið náms á heilsunuddbraut er að gera nemandann hæfan í starfsgrein sinni og þjálf þá verklegu færni sem er grunnur starfsins. Starfsvettvangur heilsunuddara er fjölbreyttur og tekur nám og kennslu mið af því. Mikil áhersla er lögð á heilðræna yfirsýn og þá staðreynd að hver skjólstæðingur er einstakur og hefur þörf fyrir einstaklingsmiðaða meðferð. Nemendur tileinka sér nuddaðferðir og krafist er ákveðinnar líkamlegrar lágmarksfærni í verklegum áföngum. Áhersla er lögð á að þjálf rétta líkamsbeitingu sem er mikilvæg í starfi heilsunuddara.

Sá sem lýkur námi á námsbrautinni hlýtur starfsheitið heilsunuddari og hefur, skv. reglum Félags íslenskra heilsunuddara (FÍHN), rétt til að setja á stofn og starfrækja nuddstofu. Þegar nemendur útskrifast af brautinni fá þeir í hendur starfsmenntaskírteini samhliða prófskírteini, sem þeir geta haft uppi á starfsstöð sinni til staðfestingar á því að þeir hafi lokið námi á heilsunuddbraut.

Heilsunuddarar starfa bæði sjálfstætt og sem launþegar. Starfsvettvangur þeirra er á heilsunuddstofum eða öðrum stöðum sem veita heilsutengda þjónustu, s.s. heilsustofnunum, líkamsræktarstöðvum eða heilsulindum. Hverjum útskrifuðum heilsunuddara er frjálst að ganga í Bandalag íslenskra græðara (BÍG) og starfa jafnframt sem skráður græðari. Um græðara gilda þingfest lög nr. 34 frá árinu 2005. Hægt er að taka viðbótarnám til stúdentsprófs meðfram námi á brautinni eða að því loknu.

Skilyrði til innritunar í nám á heilsunuddbraut er að nemandi hafi lokið skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla og náð tilskildum lágmarksárangri skv. ákvæðum reglugerðar um innritun nemenda í framhaldsskóla. Ljúka þarf bóklegum áföngum brautarinnar áður en verklegt nám getur hafist. Nemendur verða að hafa náð 18 ára aldri þegar þeir hefja verknám á þriðja hæfniprepi.

Nám á heilsunuddbraut er samtals 200 framhaldsskólæiningar, 56 á fyrsta þrepi, 80 á öðru þrepi og 64 á því þriðja. Námslok eru á hæfniprepi 3. Í sumum áföngum er bóknámi og verknámi fléttað saman. Flestir verknámsáfangar eru á þriðja þrepi og að stórum hluta þannig uppbyggðir að nemendur æfa innlagða tækni á hver öðrum. Sérgreinar heilsunuddbrautar eru 71 feiningar, auk 23 feininga starfsþjáfunar, samtals 94 feiningar. Hinar 106 feiningarnar eru sameiginlegar öðrum brautum, aðallega starfsmenntabrautum á heilbrigðissviði við Fjölbrautaskólann við Ármúla.

Skipulag samstarfs FSH og FÁ er með þeim hætti að hluti námsins frem fram í dagskóla eða lotum í FSH en hluti námsins fer fram í fjarnámi frá FÁ. Nemandi, sem kýs að taka námið í gegnum FSH, skráir sig í skólann með því að hafa samband við aðstoðarskólameistara, Halldór Jón Gíslason, á netfanginu halldor@fsh.is. Skoðað er hvort nemandi hafi lokið einhverju námi á framhaldsskólastigi sem hægt er að meta inn á brautina en öðru námi lýkur nemandi ýmist í dagskóla, námslotum eða í fjarnámi.

Hér að neðan getur að líta hvernig brautin er sett upp:

Kjarni (Kjarni)							
Námsgrein	1. þrep		2. þrep		3. þrep	Alls	Af
Danska			DANS2RM05			0	5
Enska			ENSK2EH05 ENSK2LO05			0	10
Íslenska			ÍSLE2HM05 ÍSLE2MR05			0	10
Íþróttir	ÍÞRÓ1AA01 ÍÞRÓ1AB01 ÍÞRÓ1AC01 ÍÞRÓ1AD01					0	4
Lífsleikni	LÍFS1BS02 LÍFS1ÉG03					0	5
Stærðfræði			STÆR2HS05			0	5
Loknar einingar		0		0		0	39

Viðskiptagreinar (Kjarni)							
Námsgrein	1. þrep		2. þrep		3. þrep	Alls	Af
Bókfærsla	BÓKF1IB05					0	5
Stofnun og rekstur nuddstofu			STRN2SR04			0	4
Loknar einingar		0		0		0	9

Heilbrigðis- og raungreinar (Kjarni)							
Námsgrein	1. þrep		2. þrep		3. þrep	Alls	Af
Heilbrigðisfræði	HBFR1HH05					0	5
Líffæra- og lífeðlisfræði			LÍOL2IL05 LÍOL2SS05			0	10
Líkamsbeiting	LÍBE1HB01					0	1
Næringarfræði	NÆRI1NN05					0	5
Raunvísindi	RAUN1LE05					0	5
Samskipti			SASK2SS05			0	5
Sálfræði	SÁLF1SD05				SÁLF3LÍ05	0	10
Siðfræði			SIÐF2SF05			0	5
Sjúkdómafræði			SJÚK2GH05 SJÚK2MS05			0	10
Skyndihjálp			SKYN2EÁ01			0	1
Upplýsingalæsi á tölvur og sjúkraskrár	UPPÆ1SR05					0	5
Vöðvafræði			VÖFR2VÖ06			0	6
Loknar einingar		0		0		0	68

Frh. Á næstu síðu

Sérgreinar brautar (Kjarni)								
Námsgrein	1. þrep		2. þrep		3. þrep		Alls	Alls
Heildrænt nudd					HEIN3HN05		0	5
Heilsuefling	HLSE1NV03						0	3
Ilmolíufræði			ILMO2KO05				0	5
Inngangur að heilsunuddi			INNU2GR05				0	5
Íþróttanudd og teygjur					ÍÞNT3ÍT05		0	5
Jóga	JÓGA1HR02						0	2
Kinesioplástrar					KINE3KP04		0	4
Klassískt nudd					KLNU3NT07		0	7
Markviss verkþjálfun					MAVE3SP02 MAVE3SP03		0	5
Mat og greining			MAGR2MG05				0	5
Orkubrautir og meðhöndlun					ORKM3OM05		0	5
Sogæðanudd					SOGN3SO05		0	5
Svæðanudd					SVNU3SN05		0	5
Vefjalosunartækni					VEFL3VT05		0	5
Loknar einingar		0		0			0	66

Starfsþjálfun (Kjarni)								
Námsgrein	1. þrep		2. þrep		3. þrep		Alls	Alls
Starfsþjálfun heilsnuddara					STÞN3SP18		0	18
Loknar einingar							0	18